

**Náms- og kennsluáætlun - Vorönn 2026****HPEM2FB02 og HBLÁ2FB01**

Kennari	Ásdís Björk Pálmadóttir, asdis.palmadottir@fss.is	
Viðtalstími	Mánudaga kl 10.25-11.05 í síma 861-4707	
Námsefni	LAB Pivot Point, kennslubókin Texture, ljósrit, verklýsingarblöð og fleira	
Áfangalýsing	Nemandi fær þjálfun og öðlast leikni í hönnun og ísetningu á permanenti miðað við fyrirhugaða útkomu, kennd er greining hárs og meðferð ýmissa tegunda af permanentefnum og sléttunarefnum. Unnið er áfram með verklýsingar. Verkefnin eru unnin á æfingarhöfði og módelum. Í áfanganum öðlast nemendur leikni og færni í að blása ýmsar síddir af hári á mismunandi vegu og í ólík form á æfingarhöfðum dömu og herra og á módelum. Notast er við ýmsar gerðir bursta í ólíkar síddir af hári	
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Mikilvægt er að mæta í alla tíma Raunmæting þarf að vera 80% ef hún fer undir það lækkar lokaeinkunn um einn heilan . Þetta er símatsáfangi sem kenndur er í flæði. Hann inniheldur fjóra undiráfanga. Ná þarf hverjum undiráfanga með lágmarkseinkunninni 4,5 Þar sem kennslustundir eru fullskipaðar gefst ekki svigrúm til auka stunda fyrir námsmat og/eða próf. Ef nemandi skilar ekki verkefni á réttum tíma þá dregst einn heill frá verkefninu. Eftir tvær vikur lokast fyrir skil á verkefninu	
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐
	Sleppikerfi ☐	
	Heiti	Vægi
	Módel perm og blástur stutt hár.	20% og 20%
	Perm -mat í gínuhaus og blástur sítt hár.	30% og 20%
	Módel herra perm og blástur stutt hár.	20% og 20%
	Skil á verkefnaöppu.	20% og 20%
	Myndir af 2 mismunandi blástursmódelum. Má vera gínuhaus.	20%
	Skil á verkþáttum annar	10%
Samtals	100% og 100%	
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Verkfæri sem nemendur þurfa ávallt að hafa í tímum: Greiður, æfingarhaus, bylgjugreiður, burstar, slá. Úðabrúsi og fleira sem telst til verklegrar kennslu. Ef um veikindi er að ræða þarf að skila vottorði á skrifstofu skólans. Öll forföll ber að tilkynna á Innu og til kennara áfangans	

Annað sem kennari vill láta koma fram	Með fyrirvara á að kennsluáætlun getur breyst. Áfangarnir HPEM og HBLÁ eru kenndir saman í flæði Með von um gott samstarf
---------------------------------------	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • útfærslu permanents samkvæmt verklýsingu og óskum viðskiptavina. • ýmsum gerðum permanentefna sem unnið er með. • vali á spólugerð með hliðsjón af útkomu. • vali og notkun mótunarefna. • þeim hitajárnum sem í notkun eru. • mismunandi tækni við dömu og herrablástur	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • gera verklýsingar og spjaldskrár. • framkvæma mismunandi upprúll fyrir permanent með tilliti til útkomu. • setja permanent í ýmsar síddir af hári með ólíkum aðferðum. • greina hár og velja viðeigandi efni samkvæmt því. • blása stífan rúllublastur í fyrirfram ákveðið form. • framkvæma blástur eftir óskum viðskiptavinar. • velja mótunarefni sem hæfir hárgerð viðskipavinar.
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • ráðleggja um val og meðhöndlun á permanentefnum. • greina ástand hárs og velja efni með hliðsjón af því. • meðhöndla hárið á viðeigandi hátt fyrir og eftir meðferð. • framkvæma dömublastur eftir óskum móðels/viðskiptavinar. • ráðleggja viðskiptavini um val á blæstri við hæfi. • ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis	

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefni HPEM2FB02 og HBLÁ2FB01	Skil á verkefnum
1. vika 6.-9. janúar	Kynning, blástur á æfingarhöfði	Mat-20% og 20%
2. vika 12.-16. janúar	Perm upprúll á æfingarhöfði og undirbúningur fyrir módel	
3. vika 19.-23. janúar	Módel í perm sítt hár og blæstri stutt hár (sama módel) eða annað módel	Mat-30%
4. vika 26.-30. janúar	Upprúll á æfingarhöfði sítt hár Til að auka færni og hraða nemanda í upprúlli á permanenti. Læra að undirbúa módel fyrrir permanent	
5. vika 2.-6. febrúar	Heimsókn í Tækniskólan og Ison	
6. vika 9.-13. febrúar	Mat perm í sítt hár á gínu Hugmyndaflugið látið ráða, nemendur koma með fyrirfram ákveðna hugmynd af verki dagsins.	Mat-20%
7. vika 16.-20. febrúar <i>Uppbrotsdagur 18. feb</i>	Blástur á æfingarhöfði sítt hár Til að auka færni og hraða nemanda í að blása hár.	
8. vika 23.-27. febrúar <i>Vetrarleyfi 27. feb</i>	Módel í blæstri sítt hár	Mat-20%
9. vika 2. -6. mars <i>Námsmatsdagur 2. mars</i>	Upprúll á æfingarhöfði	Verkefnaskil 2 20% (skila til kennara í gegnum email) asdis.palmadottir@fss.is
10. vika 9.-13. mars	Módel í perm herra	Mat 20%
11. vika 16.-20. mars	Nemendur velja sér 3 mismunandi módel og blása heima/á stofu og gera verklýsingamöppu skila í rituðu máli og myndum (má vera eitt æfingarhöfuð) Blástur á æfingarhöfði	
12. vika 23.-27. mars	Módel í blæstri stutt hár	<i>Starfshlaup 27. mars</i>
13. vika 6.-10. apríl	Perm upprúll frjálst	Verkefnaskil 1 20% <i>Annar í páskum 6. apríl</i>
14. vika 13.-17. apríl	Stofudagar ,vinna á módelum	
15. vika 20.-24. apríl	Skil á verklýsingamöppu, upptökudagur	<i>Sumard. fyrsti 23. apríl</i>
16. vika 27. apríl-1. maí	Frágangur	<i>Dimissio 30. apríl</i>
17. vika 4.-8. maí	Erasmus + námsferð til Barselona	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Ásdís Björk Pálmadóttir

Fjölbrautaskóli Suðurnesja